

Til: Nefndasviðs Alþingis, atvinnuveganefndar

Frá Matvælaráðuneyti, skrifstofu sjávarútvegs

15. febrúar 2023

Vísað er til erindis atvinnuveganefndar frá 6. febrúar sl. til matvælaráðuneytisins um spurningar nefndarmanna í atvinnuveganefnd sem varða þingmál 537., 538. og 539 á yfirstandandi löggjafarþingi. Fulltrúar ráðuneytisins hafa komið á fund nefndarinnar dagana 17. og 19. janúar sl. og svöruðu spurningum um málin munnlega. Þá kom fram að óskað yrði eftir frekari upplýsingum frá ráðuneytinu í framhaldinu.

Í 8. gr. forsetaúrskurðar nr. 6/2022, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, er fjallað um málefnasvið matvælaráðuneytis sem er m.a. sjávarútvegur. Þannig falla t.a.m. orkumál, raforkumannvirki, raforkukerfi, orkuskipti, Orkusjóður, skráning skipa og hafnarmannvirki undir málefnasvið annarra ráðuneyta. Lög um stjórn fiskveiða og lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands er löggjöf á sviði fiskveiðistjórnar og auðlindanýtingar. Breytingar á löggjöf fiskveiðistjórnar sem snúa að tilteknum ákvæðum og aðgerðum sem styðja eiga við stefnumótun stjórnvalda í loftslagsmálum er liður í mörgum aðgerðum stjórnvalda til að skapa hvata sem styðja við orkuskipti í íslenskum sjávarútvegi, sem tengist þá stefnumörkun stjórnvalda í málaflokknum. Orkuskiptum verðum einmitt náð með margháttuðum aðgerðum og aðkomu allra stofnanna og ráðuneyta. Það er ekki tilgangur þessara frumvarpa að rökstyðja orkuskipti í sjálfu sér heldur að leggja til tilteknar breytingar á lögum fiskveiðistjórnar sem geta stutt stefnu stjórnvalda um orkuskipti og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda til framtíðar.

Matvælaráðuneytið veitir eftirfarandi svör við fyrirspurnunum:

### **537. mál:**

Frumvarpið fjallar um hámarks stærð/rúmmál krókaafلامarksskipa, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, sem eru að hámarki 15 metra löng, frá 30 brúttótonnum í allt að 45 brúttótonn noti þau að lágmarki til helminga vistvæna orkugjafa (rafmagn, vetni, metan og rafeldsneyti, en heimila megi fleiri orkugjafa með lágu kolefnisspori í reglugerð.) Vistvænir orkugjafar taka almennt meira rými en jarðefnaeldsneyti.

**Fyrirspurn: Óskað eftir minnisblaði frá Fiskistofu um hvernig eftirlit með notkun á vistvænum orkugjöfum myndi vera framkvæmt**

*Svar: Fiskistofa er eftirlitsstjórnvald samkvæmt 17. og 18. gr. laga nr. 116/2006. Ekki liggja fyrir verklagsreglur eftirlits á þessu stigi.*

**Fyrirspurn: Óskað eftir minnisblaði frá Hafrannsóknarstofnun um möguleg áhrif þessarar breytingar á grunnslóð**

*Svar: Frumvarpið fjallar um heimildir í lögum um stjórn fiskveiða um stærð/rúmmál krókaafلامarksskipa sem eru að hámarki 15 metra löng en snúa ekki að breytingum á veiðarfærum þessara skipa. Hanafæraveiðar hafa hverfandi áhrif á hafsbötn á grunnslóð og áhrifin því engin við þessa breytingu.*

### Fyrirspurn: Óskað eftir minnisblaði frá Samgöngustofu

**um af hverju þeir telja mikilvægt að auka stærð um 50% í brúttótonnum og hvort þeir telji 45 brúttótonn nægileg stærð fyrir báta knúða vistvænum orkugjöfum til helminga**

*Svar: Liggur ekki fyrir. En vistvænir orkugjafar taka almennt meira rými en jarðefnaeldsneyti. Rétt er að óska beint eftir frekari upplýsingum frá stofnuninni ef það er talið nauðsynlegt, sem heyrir undir innviðaráðuneytið.*

**um áhrif þessara breytinga á stöðugleika báta og öryggi sjófarenda**

*Svar: Liggur ekki fyrir. Rétt er að óska beint eftir frekari upplýsingum frá stofnuninni ef það er talið nauðsynlegt, sem heyrir undir innviðaráðuneytið.*

### Fyrirspurn: Minnisblað frá ráðuneytinu

**um hvernig bregðast má við þeim athugasemdum að mikilvægt sé að um vottaða vistvæna orkugjafa sé að ræða**

*Svar: Frumvarpið snýr að breytingu á lögum um stjórn fiskveiða að mynda hvata til notkunar á vistvænum orkugjöfum. Frumvarpið fjallar ekki um framleiðslu á orkugjöfum eða vottanir þeirra.*

**um lífsferilsgreiningu á kolefnislosun þessara stærri báta í samanburði við núverandi fyrirkomulags**

*Svar: Frumvarpið snýr að breytingu á lögum um stjórn fiskveiða að mynda hvata til notkunar á vistvænum orkugjöfum, þannig að reglur um fiskveiðistjórn hamli síður hönnun skipa til að verða umhverfisvænni. Frumvarpið fjallar ekki um framleiðslu á orkugjöfum. Ekki liggur fyrir í matvælaráðuneytinu hvernig hönnun viðkomandi skipa verður í kjölfar breytinga. Það sem liggur fyrir er að krókaafلامarksskip geta orðið stærri að rúmmáli ef þau nota vistvæna orkugjafa að lágmarki til helminga. Vistvænir orkugjafar eiga að leiða til vistvænni skipa. Upplýsingar um lífsferlisgreiningu á kolefnislosun í samanburði við önnur skip eru ekki tiltækar.*

**um af hverju erlend skip sem veiða innan lögsögunnar falli ekki undir þessa löggjöf**

*Svar: Skip sem eru á erlendum fána og ekki á íslenskri skipaskrá geta ekki fallið undir að vera skip með krókaafلامarksleyfi og hafa ekki heimild til veiða í fiskveiðilögsögunni.*

### **538. mál:**

Aflvísir er tilbúið hugtak sem er margfeldi á afli aðalvélar og þvermáli skrúfu skipsins. Með því að hafa stærri skrúfu í skipum samfara hæggengari vél verður umtalsverður árangur í olúsparnaði. En áhrif stækkaðrar skrúfu er hærri aflvísir, sem leiðir til þess, að óbreyttu, að heimildir smærri togskipa til veiða skerðast á tilteknum svæðum, sem þau eru að veiða á í dag, vegna aflvísisviðmiðsins. Íslenskum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi Íslands nema á þeim veiðisvæðum og veiðitímum sem tilgreind eru í 5. gr. laga nr. 79/1997 sbr. og 6. gr. Heimildir fiskiskipa til veiða með botnvörpu, flotvörpu og dragnót innan fiskveiðilandhelgi Íslands miðast við stærðir skipa og aflvísu þeirra. Ef aflvísisviðmiðið fer út er áfram miðað við stærð skipa eftir núverandi flokkun í 5. gr. laganna. Frumvarpið fjallar um að fjarlægja aflvísisviðmið úr lögnum.

### Fyrirspurn: Minnisblað frá Hafrannsóknarstofnun

**um áhrif stærri skrófu og meira afls á CO2 losunar frá botnvörpu og samanburð á þeirri losun við þann sparnað í CO2 útblæstri sem fæst við stærri skrófu**

*Svar: Stærð skrófu hefur engin áhrif á hafsbótinn og losun CO2. En stærri skrófa getur dregið verulega úr orkunotkun eða allt að helmingi. Frumvarpið fjallar ekki um breytingu á veiðarfærum skipa.*


**um áhrif stærri skrófu á lífríkið innan viðmiðunarlínu**

*Svar: Stærri skrófa skipa hefur engin áhrif á lífríki hvorki utan eða innan viðmiðunarlínu.*

#### **Fyrirspurn: Minnisblað frá ráðuneytinu**

**Hvaða skip hafa aðgang í dag að veiðum innan viðmiðunarlínu samkvæmt núverandi löggjöf**

*Svar: Viðmiðunarlína er lína sem er dregin út frá ákveðnum viðmiðunarpunktum sbr. 5. gr. laga nr. 79/1997, sjá mynd:*



*Skip sem stunda togveiðar (togskip) þurfa almennt að vera 12 sjómílur frá viðmiðunarlínu. Frá því eru þó undantekningar sem útfærast miðað við stærð skipana. Togskip yfir 42 metra sem stunda togveiðar þurfa að veiða fyrir utan 12 sjómílur frá viðmiðunarlínu. Nú eru 36 togskip skráð á skipaskrá sem eru yfir 42 metrar á lengd. Togskip sem eru undir 42 metrum en lengri en 29 metrar á lengd mega á vissum svæðum veiða upp að 4 sjómílum frá viðmiðunarlínu og er það einkum við Suðausturland, Suðurland og Suðvesturland. Nú eru 9 togskip skráð á milli 29 og 42 metra. Togskip undir 29 metrum mega á vissum svæðum toga upp að 3 sjómílum frá viðmiðunarlínu og er það einkum við Suðausturland, Suðurland og Suðvesturland. Nú eru 20 togskip skráð undir 29 metrum.*

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að **ekkert togskip má veiða innan viðmiðunarlínu**. Rækjuveiðar eru stundaðar með botnvörpu og eru rækjuveiðar leyfðar á vissum stöðum fyrir innan viðmiðunarlínu, t.d. stunda minni bátar rækjuveiðar í Ísafjarðarajúpi.

Á Íslandi hafa 1.346 skip veiðileyfi í lok árs 2022. Þar af lönduðu 1.100 skip aflla á síðasta ári. Ef dregið er frá 66 togskip sem stunda togveiðar allt árið þá eru eftir 1034 skip sem stunda margvíslegar veiðar eins og með netum, línu, dragnót, á uppsjávarveiðum, hrognkelsaveiðum, hanafæraveiðum og veiðum með plóg. Öll þessi skip geta stundað veiðar fyrir innan og utan viðmiðunarlínu með mismunandi takmörkunum þó. Hanafæri, lína og net má t.d. nota nánast alls staðar og hefur stærð skipa engin áhrif þar á. Dragnót er bundin frekari skilyrðum og eru svæði t.d. opnuð og lokuð eftir árstíma. Veiðar með plóg eru bundnar ákveðnum takmörkunum með svæði.

**Hvaða skip fengju aðgang að veiðum innan viðmiðunarlínu við breytingar á þessari löggjöf**

Svar: Engin breyting frá því sem er í dag.

**Hvaða svæði innan viðmiðunarlínu eru opin fyrir skipum í dag og hvaða svæði myndu opnast við þessa breytingu**

Svar: Engin fyrir séð breyting. Engin ný svæði opnast.

### **539. mál:**

Frumvarpið fjallar um hvata til rafvæðingar smábáta á strandveiðum í 6. gr. a í lögum nr. 116/2006, þannig að í hverri veiðiferð sé heimilt að veiða 750 kg. í stað 650 kg. í þorskígildum talið af kvótabundnum tegundum, ef skipið er skráð sem rafknúið skip á skipaskrá.

**Fyrirspurn: Minnisblað frá ráðuneytinu**

**um hver kostnaður við rafvæðingu algengs báts sem notaður er við strandveiðar**

Svar: Liggur ekki fyrir.

**um hver sparnaður báts á hverju ári er áætlaður við að rafvæðast (rafmagnskostnaður vs. díselkostnaður)**

Svar: Liggur ekki fyrir.

**um hvaða hafnir í dag hafa næga innviði til þess að gera strandveiðibátum kleift að hlaða sína báta**

Svar: Liggur ekki fyrir.

**um áætlun um uppbyggingu aðgengis að rafhleðslu á höfnum landsins**

Svar: Liggur ekki fyrir.

**um hver áætlaður hleðslutími hvers strandveiðibáts sé**

Svar: Liggur ekki fyrir.

**um hvort áætlanir séu uppi um niðurfellingu tolla og gjalda á íhlutum sem nýttir er við rafvæðingu báta**

*Svar: Frumvarpið fjallar ekki um tolla og gjöld sem eru á forræði fjármála- og efnahagsráðuneytis.*

**um áhrif á siglingartíma (per sjómílu) við að skipta úr díselvél yfir í rafvél**

*Svar: Liggur ekki fyrir.*

**um hvort uppi séu áætlanir um aukna hvata eða styrki, til viðbótar við meiri afla í hverri veiðiferð, til þess að rafvæða strandbát**

*Svar: Ekki liggja fyrir frekari áætlanir um það innan matvælaráðuneytis.*

**um hversu marga báta ráðuneytið áætla að séu orðnir rafvæddir eftir 1 ár, 3 ár, 5 ár og 10 ár um áhrif þess að rafvæða strandveiðibáta miðað við orkuskiptaspá Orkustofnunar**

*Svar: Upplýsingar liggja ekki fyrir en gert er ráð fyrir óverulegum fjölda fyrst um sinn, 1-2 báta fyrsta árið og mögulega fleiri báta ef vel tekst til hjá viðkomandi aðilum. Í raun er slík framkvæmd á tilraunastigi og háð gengi verkefnis og aðgengi að raforku. Ráðuneytið gerir ráð fyrir að orkuskipti muni með tímanum ná til báta/skipa hvort sem þau séu á fiskveiðum eða til annarra nota.*

#### **Almennar spurningar:**

**Er unnt að nálgast upplýsingar um orkunotkun báta eftir stærð og tegund? Er orkunotkun hlutfallslega meiri hjá smærri bátum og þá einnig eftir því hvaða veiðar eru stundaðar, kann að vera að bátur á strandveiði noti meiri orku vegna þeirra krafna sem gerðar eru varðandi stærð?**

*Svar: Upplýsingar liggja ekki fyrir hjá ráðuneytinu. Orkuspárnefnd áætla orkunotkun skipa. Niðurstaða getur verið mjög breytileg t.a.m. eftir stærð, lögun, aldri og vélbúnaði skips.*

**Á ráðuneytið útreikninga sem varða kostnað við breytingar sem þarf að gera á bátum til að unnt sé að rafvæða þá og jafnframt hvað sparast í olíukaupum?**

*Svar: Upplýsingar liggja ekki fyrir hjá ráðuneytinu. Um er að ræða mjög breytilegan kostnað eftir t.a.m. stærð, gerð, aldri og búnaði.*

**Hefur ráðuneytið kannað hver kostnaður Norðmanna er af samskonar breytingum (ef þær eru samskonar) hvað myndi ráðuneytið ætla að slíkt myndi kosta okkur?**

*Svar: Upplýsingar um kostnað Norðmanna eða í Noregi liggja ekki fyrir. Ekki er áætlaður beinn kostnaður fyrir ríkið vegna frumvarpsins. Um skráningu skipa á skipaskrá sem ganga fyrir rafmagnni er atriði sem Samgöngustofa þarf að geta útfært fyrir orkuskipti óháð því hvort eða hvenær efni þessa frumvarps nær fram að ganga.*

**Telur ráðuneytið að skýra þurfi betur að rafeldsneyti sé framleitt á umhverfisvænan hátt?**

*Svar: Frumvörpin fjalla um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða um hvata til að styðja við orkuskipti sem ákveðið hefur verið að stefna að. Frumvörpin fjalla ekki um framleiðslu á rafeldsneyti.*